



## Fundargerð fræðslunefndar 24. september 2015

Fræðslunefndarfundur haldinn í Brekkubæ 24. september 2015 kl. 11:45

Mætt eru Fanney, Þorsteinn, Kristján, Sandra, Rúna, Jón og Fjóla sem ritar fundargerð.

1.Mál. Fundur settur.

2.Mál. Síðasta fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

3.Mál. Starfsmannamál. Í vetur verða 2 deildir starfræktar við leikskólann í stað þriggja áður. 27 börn skráð í leikskólann. Heil stöðugildi eru 9 talsins og hefur starfsfólki fækkað vegna færri barna sem nýta sér þjónustu skólans.

4.Mál. Sérfræðipjónusta. Skólaskrifstofa Austurlands sér um sérfræðipjónustu fyrir leikskólann Brekkubæ, eins og grunnskólann. Undanfarin ár hefur skólaskrifstofan ekki haft tök á að sinna leikskólanum eins vel og hún hefði viljað og töluvert vantar á eftirfylgni mála sem skrifstofan tekur fyrir. Á það bæði við um grunnskóla og leikskóla. Rætt hefur verið um þessi mál við skólaskrifstofuna. Fræðslunefnd samþykkti að biðja bæði grunn- og leikskólastjórnendur um að skrá niður þau tilvik sem skólaskrifstofan þarf af sinna í skólunum í vetur.

Gott er að segja frá því að í vetur verður byrjað að nota Tras sem er skráning á málproska ungra barna. TRAS skráningarlistinn er ætlað leikskólakennurum til að fylgjast með máltöku og þróun málproska 2-5 ára barna svo að þeir geti á markvissan hátt stuðlað að góðum málproska barna og gripið inn í með markvissum úrræðum fyrir þau börn sem þess þurfa. Einnig verður byrjað að taka Efl- 2 sem er málproskaskimun fyrir börn á fjórða ári og niðurstöðum skilað Skólaskrifstofu Austurlands. Þetta er ætlað til notkunar í leikskólum fyrir leikskólakennara. Efl-2 er ætlað að finna þau börn sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu. Börn með frávík frá eðlilegum málproska þurfa alls ekki að vera í sein í hreyfiproska, félagsþroska og vitsmunaproska. Því þarf að meta málproskan sérstaklega.

5. mál. Starfsemi leikskólans. Sandra, ásamt starfsfólki leikskólans, tekur gæðamatskvarða einu sinni á ári. Þetta er Ecers gæðamatskvarði sem metur í heild umhverfi leikskólans og starf kennaranna og er tæki til að auka gæði í starfinu með börnunum, einnig er hægt að nota kvarðann til að meta einstaka þætti. Einnig er annað metið sem fellur ekki inn í þennan kvarða.

Leikskólinn Brekkubær tekur þátt í þróunarverkefninu „Bættur námsárangur á Austurlandi“ þar sem leik- og grunnskólar á svæði Skólaskrifstofu Austurlands samþykktu að taka þátt. Verkefnið nær til næstu fimm ára. Markmiðið er með verkefninu að bæta námsárangur nemenda í leik- og grunnskóla á Austurlandi, hlúa að því sem vel er gert og auka samstarf milli skóla og skólastiga. Sérstök áhersla verður lögð á læsi og stærðfræði. Leikskólinn er að vinna að læsisstefnu í tengslum við „Bættan námsárangur“ og er langt á veg kominn. Þá er leikskólinn einnig að innleiða „Byrjendalæsi“ í samstarfi við Vopnafjarðarskóla.

Leikskólinn tekur þátt í verkefninu „Leikskóli á heilsubraut“. Verkefnið tekur u.þ.b.3 ár í innleiðingu og er Halldóra Árnadóttir verkefnastjóri þess.

Foreldraviðtöl verða nú tvisvar á ári í stað einu sinni áður.

6.mál. Skóladagatalið. Sandra fer yfir það og útskýrir. Dagatalið er aðgengilegt inn á heimasíðu Brekkubæjar.

7.mál. Leikskólalóðin. Sandra kynnti teikningar sem gerðar hafa verið af leikskólalóðinni eins og hún mun líta út fullkláruð. Þá fór hún yfir þær framkvæmdir sem hafa verið í gangi undanfarið og stefnt er að að klára sem fyrst. Ljóst er þó að miklar framkvæmdir eru framundan næstu ár til að klára lóðina.

8.mál. Fjárhagsáætlunargerð.

Viðhald:

Athuga þak.

Laga hurðar- flísahætta

Bera á húsið að utan

Gera viðhaldsáætlun fyrir leikskólann

Símenntun og vinnufundir

Leikskólinn þarf meira fjármagn í símenntun þannig að hægt sé að sækja námskeið, fundi og vera með fleiri vinnufundi í leikskólanum utan vinnutíma. Leikskólinn fær fjármagn til að sækja haustþing leikskóla á Austurlandi en þá er nánast ekkert eftir til að sækja í aðra símenntun. Þar sem leikskólinn er að innleiða Byrjendalæsi með grunnskólanum þarf að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun. Auka fjármagn þarf til að hægt sé að klára skólanámskrána. Einnig er leikskólinn að taka þátt í þróunarverkefninu Bættur námsárangur á Austurlandi og þarf einnig að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

Starfsmannahald:

Að gert sé ráð fyrir umfram fjármagni vegna veikinda eða kjarasamningum starfsfólks.

## Leikskóli á heilsubraut

Þar sem leikskólinn er orðinn Leikskóli á heilsubraut þarf að kaupa tæki sem nýtist hreyfingu bæði úti og inni. 9.mál. Önnur mál. Sumarleyfi næsta sumars rætt lítillega. Gerð verður könnun meðal foreldra um tímasetningu sumarleyfisins eins og undanfarin ár.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:30